

# Ilmblágresi 'Stemma'

## Geranium macrorrhizum

### 'Stemma'



Ætt: Blágresisætt – Geraniaceae

**Þekjandi, hálf sígrænn fjölæringur með bleikum blómum.**

**Lýsing:** Hálf sígrænn fjölæringur með rauðbleikum blómum. Hraðvaxin og þekjandi. **Blöð** eru handskipt og hærð, með 5-7 flipóttum og tenntum blaðhlutum. Vaxa í rósettu frá grunni plöntunnar og mynda þetta breiðu. Sterkur ilmur kemur þegar blöðin eru kramin. **Haustlitir** eru rauðir. **Blómstrar** í júní – júlí. Blómin eru bleik, 1,5 – 2,5 sm í þvermál. Er mjög blómsæll og blaðfallegur. Verður um 0,20 - 0,25 m hár og þekjandi. **Ávöxtur:** Ílangur fræbelgurinn, sem plantan er kennd við á öðrum tungumálum og minnir á fugla gogg (EN; Cranesbill, NO; Storkenebb), inniheldur fræ sem skjótast um langan veg þegar þau eru þroskuð.

**Uppruni:** Tegundin vex vilt í Alpafjöllum og á Balkanskaga. Græðlingar af yrkinu 'Spessart' var sent með pósti frá Jensvoll, Grimstad í suður Noregi árið 1995 og ræktað upp í ræktunarstöð Reykjavíkur. Það kom svo í ljós að plantan bar ekki nafn með rentu. Þetta nýja yrki var með dökk bleik krónblöð en ekki hvít eins og einkennir yrkið 'Spessart'. Nýja yrkið fékk nafnið 'Stemma', sem er samansett úr upphafstöfum Steinunnar og Samsonar, starfsmönnum Yndisgróðurs.

**Notkun:** 'Stemma' er afar harðger og þolir vel bæði sól og skugga, þurran og rakan jarðveg. Hún er afburða þekjuplanta og hentar því vel sem undirgróður í beð með trjám og runnum sem og í blómabeð. Hún breiðir úr sér með ofanjarðar stilkum (rhizomes) sem skjóta rótum og nýjum sprotum. Plantan myndar þetta mottu sem skyggir út illgresi. Hentar vel



*Botnþekjandi planta sem þolir vel skuggan frá stórum trjám.*



*Blómin eru bleik og blómstilkurinn rauðleitur. Handflipótt blöðin eru fersk græn*



*Hálf sígræn planta. Mynd tekin í nóvember í Fossvogi.*

Í beðkanta til að ramma inn eða hindra að gras vaxi inn í beðin.

Plantan er notuð í lækningaskyni þar sem hún ber í sér sýkladrepani efni. Ilmgresi er einnig notað í ilmkjarnaolúr.

**Ræktun og harðgeri:** Mjög harðger fjölæringur sem þolir all flest veður og jarðvegsskilyrði og ætti að þrífast á flestum stöðum á landinu. Plantan hefur staðið sig vel í öllum görðum Yndisgróðurs. Það er auðvelt að fjölga plöntunni með því að deila í sundur rótarstönglunum og planta á ný. Bil á milli plantna ætti ekki að vera meira en 25 – 40 sm.

**Umhirða:** Umhirða á 'Stemma' er afar lítil það er nóg að fjarlægja blómstilkana til að viðhalda fallegu útliti og koma í veg fyrir að plantan sái sér eftir að blómin hafa visnað. Það er gott að deila plöntunni eftir nokkur ár til að viðhalda góðum vexti.

**Óþrif og skaðvaldar:** Lítið hefur borið á skemmdum af völdum skordýra eða sjúkdóma.

**Fjölgun:** 'Stemma' sem og annað Blá- og Ilmgresi er fjölgað með sumargræðlingum.



Ilmgresi 'Stemma'



Ilmblágresi 'Stemma' í júlí 2015. Gróðursett undir Kúrilkirsi (*Prunus nipponica* var. *Kurilensis*) í Yndisgarðinum í Fossvogi.



Hér má sjá hversu fljót 'Stemma' er að hylja jarðveginn. Mynd tekin 2017, sama stað og hér að ofan.

# Heimildir

Hibberd, D. 2003. *Hardy Geraniums*. Great Britain: Royal Horticultural Society.

Phillips, R. & Rix, M. 1994. Geranium. In *Early Perennials Vol 1*. (pp. 114). London, Macmillan Publishers Ltd.

Yeo, P.F. 2005. Section Ungiculata, The Macrorrhizum Group. In *Hardy Geraniums*. (pp. 171-172). London, Chrisalis Book Group plc.

